

Breytingartillaga

við frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 2011.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (SII, OH, BjörgvS, BVG, ÁÞS).

1. Við 4. gr. Liður 7.19 orðist svo:
 - 7.19 Að selja eignarhlut ríkisins í Byr hf. sem stofnaður var á grundvelli 1. mgr. 1. gr. laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., og semja í stað víkjandi láns um allt að 5 milljarða króna mögulega lausafjárþyrirgreiðslu við kaupanda félagsins.
2. Við 4. gr. bætist nýir liðir, svohljóðandi:
 - 3.16 Að selja eignarhlut ríkissjóðs í fasteigninni Álfheimum 28, Reykjavík, og ráðstafa andvirðinu til Barnaspítala Hringisins í samræmi við ákvæði erfðaskrár.
 - 7.22 Að gera samning um fjármögnun gangaframkvæmda við Vaðlaheiðargöng hf., félag sem var stofnað á grundvelli 2. gr. laga nr. 97/2010, um stofnun hlutafélaga um vegafframkvæmdir.
 - 7.23 Að veita Hörpu skammtímalán þar til samið hefur verið um langtímafjármögnun verkefnisins.